

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 2012 í máli nr. E-4449/2011:

A

(Oddgeir Einarsson hdl.)

gegn

Barnaverndarstofu

(Einar K. Hallvarðsson hrl.)

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 6. febrúar sl., er höfðað 11. nóvember 2011 af A, [...], gegn Barnaverndarstofu, Borgartúni 21 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að ógilt verði með dómi sú ákvörðun stefndu frá 31. ágúst 2010 að synja stefnanda um fósturleyfi. Þá krefst hún málskostnaðar samkvæmt mati dómsins eða málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur.

Stefnda krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Mál þetta sætir flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

II.

Málsatvik

Eins og rakið er í stefnu mun sonarsonur stefnanda hafa verið vistaður hjá henni af barnaverndarnefnd [...] 21. desember 2009. Ráðstöfunin var reist á 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Stefndu var tilkynnt um ákvörðun þessa í samræmi við fyrirmæli greinarinnar. Þá mun hafa verið gerður samningur við stefnanda um að drengurinn yrði hjá henni í allt að þrjá mánuði.

Gögn málsins bera með sér að 5. febrúar 2010 hafi barnaverndarnefnd [...] óskað eftir leyfi stefndu til þess að reka annað úrræði samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 652/2004, hjá stefnanda.

Umsóknin var reist á því mati starfsmanna nefndarinnar að þessi ráðstöfun raskaði sem minnst högum sonarsonar stefnanda, þar sem um tímabundna ráðstöfun væri að ræða, og að það væri ósk móður drengsins að stefnandi annaðist hann.

Af þessu tilefni óskaði stefnda eftir því með bréfi 17. febrúar 2010 að barnaverndarnefnd veitti frekari upplýsingar um barnaverndarafskipti af börnum stefnanda og nánari rökstuðningi fyrir því að velja umrætt heimili sem vistunarúrræði á ábyrgð sveitarfélagsins. Barnaverndarnefnd svaraði með bréfi 11. mars 2010. Í svarbréfinu mun hafa komið fram að stefnandi ætti fjögur börn og hefði séð að mestu um uppeldi þeirra. Hafi barnaverndarnefnd haft afskipti af málum fjölskyldunnar með hléum frá því í byrjun árs 1997. Mun nefndin hafa fært þau rök fyrir ráðstöfuninni að stefnandi væri föðuramma barnsins og hefði verið í tengslum við það frá fæðingu. Þá var áréttað að það væri eindregin ósk móður drengsins að hann væri hjá stefnanda. Væri það mat starfsmanna nefndarinnar að ráðstöfun þessi raskaði minnst högum barnsins. Með henni væri öryggi barnsins og viðunandi umönnun tryggð til skamms tíma.

Hinn 9. apríl 2010 veitti stefnda barnaverndarnefnd [...] leyfi til þess að vista barnið á heimili stefnanda á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga í tvo mánuði. Í leyfisbréfinu kom þó fram að stefnda hefði efasemdir um fyrirhugaða ráðstöfun þar sem nefndin veldi heimili sem sætt hefði afskiptum á grundvelli barnaverndarlaga árum saman. Því þætti ástæða til að árétta skyldu og ábyrgð barnaverndarnefndar við að hafa eftirlit með aðbúnaði og umönnun barnsins á heimilinu.

Með umsókn, dags. 12. apríl 2010, sótti stefnandi um leyfi stefndu til að taka að sér fósturbarn samkvæmt 66. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í umsókninni var merkt við að óskað væri eftir að taka barn í tímabundið fóstur. Í kjölfarið óskaði stefnda eftir umsögn frá barnaverndarnefnd [...] um fósturhæfni stefnanda. Umsögn nefndarinnar barst stefndu 29. júní 2010. Í henni var vísað til greinargerðar félagsráðgjafa sem fengin hefði verið til að leggja mat á aðstæður og hæfni stefnanda til að taka barn í fóstur. Kom þar fram að það hafi verið mat félagsráðgjafans að stefnandi hefði nóg á sinni könnu við uppeldi yngsta barns síns og við að aðstoða uppkomna syni sína við að höndla lífið. Aðstæður hennar byðu ekki upp á að hún tæki að sér börn sem væru í þörf fyrir stöðugleika og öruggt umhverfi. Barnaverndarnefnd tók þó fram að sonarsonur stefnanda hefði verið í umsjá hennar í u.þ.b. hálf t. ár og hefði dafnað vel. Um væri að ræða tímabundna ráðstöfun þar til framtíðarvist barnsins yrði ákveðin. Að öðru leyti lýsti nefndin sig samþykka álit félagsráðgjafans um að styðja ekki umsókn stefnanda. Með umsögn nefndarinnar fylgdi fyrrgreind greinargerð félagsráðgjafans ásamt athugasemdum stefnanda við hana.

Stefnda tók ákvörðun í málinu, sem birt var stefnanda með bréfi, dags. 31. ágúst 2010. Þar er vísað til bókunar barnaverndarnefndar [...]. Síðan segir orðrétt í bréfinu: „Barnaverndarstofa tekur undir það álit og niðurstöðu að umsækjandi þyki ekki uppfylla þær almennu kröfur sem gerðar eru til fósturforeldra sbr. það sem nánar greinir í forsendum bvn. Auk þess beri að líta til aldurs umsækjanda með hliðsjón af aldri þess barns sem um ræðir, heilsufars og þeirrar staðreyndar að umönnun barnsins mun hvíla á hans herðum að fullu og öllu ef að líkum lætur. A.m.k. verði að gera ráð fyrir því. Með vísan til framanritaðs hefur Barnaverndarstofa komist að niðurstöðu um að umsækjandi teljist ekki hæfur sem fósturforeldri, sbr. 66. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 (bvl).“ Í bréfinu var

leiðbeint um heimild til að bera ákvörðunina undir kærunefnd barnaverndarmála innan fjögurra vikna frá dagsetningu bréfsins.

Stefnda ritaði barnaverndarnefnd [...] einnig bréf sama dag, þar sem gerð var grein fyrir ástæðum fyrir því mati stefndu að stefnandi teldist ekki hæf sem fósturforeldri. Auk fyrrgreindra atriða kom þar meðal annars fram að litið hafi verið til þess að stefnandi væri komin á þann aldur að það stangaðist á við það mikilvæga viðmið að a.m.k. annað fósturforeldra gæti vegna aldurs verið líffræðilegt foreldri barns, en stefnandi væri einstæð.

Stefnandi mun hafa farið fram á endurupptöku málsins á grundvelli 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 með tölvupósti til stefndu 3. maí 2011. Þeirri beiðni var hafnað með bréfi, dags. 1. júní 2011, þar sem atvikum væri ekki háttáð svo sem áskilið væri í 24. gr. stjórnslulaga. Stefnanda var leiðbeint um að unnt væri að kæra ákvörðunina til velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfsins. Stefnandi kærði þessa ákvörðun til kærunefndar barnaverndarmála með bréfi 11. ágúst 2011. Með úrskurði nefndarinnar 10. október 2011 var kærinni vísað frá, þar sem ákvörðun stefndu um að hafna endurupptöku á málinu yrði ekki skotið til hennar.

Af gögnum málsins verður ráðið að sonarsonur stefnanda hafi áfram dvalist á heimili hennar á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga fram til 4. apríl 2011. Því er haldið fram í greinargerð stefnanda að vistun hans frá 21. desember 2009 til 9. apríl 2010 og frá 19. nóvember 2010 og fram til 4. apríl 2011 hafi verið án leyfis stefndu.

III.

I. Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi tekur fram að ákvörðun sú sem um er deilt í málinu sé vafalaust stjórnvaldsákvörðun. Með henni hafi stefnanda verið meinað að fá leyfi til þess að verða fósturforeldri. Ákvörðunin sé íþyngjandi, enda hafi stefnanda verið meinað að fá þá réttarstöðu sem fylgi því að fá fósturleyfi. Hún eigi því hagsmuna að gæta hvað ákvörðunina varði. Að sama skapi sé stefnda sá aðili sem hafi tekið viðkomandi ákvörðun. Stefnda sé stjórnvald og hafi aðildarhæfi, enda komi fram í 1. mgr. 7. gr. barnaverndarlaga að stefnda sé sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi ekki uppfyllt þær skyldur sem hvíli á herðum stjórnvaldsins samkvæmt 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Fjöldmörg atriði, sem stefnda hafi lagt til grundvallar í ákvörðun sinni hafi ekki verið rannsökuð nægilega vel. Í ákvörðun sinni vísi stefnda almennt í umsögn barnaverndarnefndar [...] og tiltaki að auki nokkur sjónarmið sem byggt hafi verið sérstaklega á.

Stefnandi tekur fram að hún hafi lagt fram læknisvottorð við meðferð málsins þar sem hún hafi verið metin hæf til þess að fóstura barn. Þrátt fyrir það hafi heilsufari hennar verið talið ábótavant. Á því er byggt að nauðsynlegt hefði verið

að kanna staðhæfingar um slæmt líkamlegt ástand stefnanda betur áður en ákvörðun var tekin. Til að hnekkja mati heimilislæknis hefði þurft mat annars sérfræðings eða að kanna heilsufar hennar með öðrum hætti.

Af hálfu stefnanda er enn fremur byggt á því að nauðsynlegt hefði verið að rannsaka betur staðhæfingu í umsögn barnaverndarnefndar og greinargerð starfsmanns hennar um að hún hafi „nóg á sinni könnu“ við uppeldi yngsta barn síns. Uppeldi á börnum stefnanda taki ekki meiri tíma frá henni en gengur og gerist.

Stefnandi telur að í greinargerð starfsmanns nefndarinnar sé að finna fjölda staðhæfinga sem séu lítt rökstuddar og í flestum tilvikum aðeins byggðar á einni heimsókn á heimili stefnanda. Það eigi t.d. við um mat starfsmannsins á tengslum stefnanda við yngstu börn hennar, sem hann telji að einkennist af „markaleysi“ og togstreitu og að óreiða sé á heimilinu. Ekki sé forsvaranlegt að reisa þessar ályktanir á einni heimsókn á heimilið.

Í ákvörðun stefndu hafi einnig verið byggt á því að stefnandi þurfi að „aðstoða uppkomna syni sína við að höndla lífið og tilveruna“. Stefnandi viðurkennir að þeir hafi átt við fíkniefnavanda að stríða og séu með sakarferil. Starfsmanninum hafi verið gerð grein fyrir því að þeir myndu ekki koma aftur inn á heimili hennar og hún myndi ekki hafa sérstök afskipti af þeim nema að ljóst væri að þeir væru að reyna að taka sig á. Þrátt fyrir það dragi starfsmaðurinn þá ályktun að ekki sé ásættanlegt að fólk í virkri neyslu sé á heimili væntanlegra fósturbarna. Þessi staðhæfing sé úr öllu samhengi við þau gögn sem liggi fyrir í málinu, enda hafa elstu synir stefnanda ekki átt heimilisfesti hjá stefnanda til margra ára. Nauðsynlegt hefði verið að rannsakað þetta atriði betur og rökstyðja hvernig það skerti fósturhæfni stefnanda.

Stefnandi bendir einnig á að í greinargerð starfsmannsins hafi verið byggt á tíu ára gamalli matsgerð sálfræðings um skapgerð stefnanda. Telur stefnandi að ekki sé unnt að draga nokkrar ályktanir af svo gömlu mati. Margt hafi breyst til hins betra í fari stefnanda frá þessum tíma og telur hún matið að engu hafandi við ákvörðun um fósturhæfni hennar. Nýtt mat hefði þurft að fara fram ef ætlunin hafi verið að byggja á þessu atriði. Þá hafi viðkomandi starfsmaður ekki haft nauðsynlega sérfræðipækkingu til að yfirfæra niðurstöðu matsgerðarinnar á aðstæður stefnanda í dag.

Stefnandi byggir einnig á því að ákvörðun stefndu hafi byggst á ómálefnalegum sjónarmiðum og að mat á þeim sjónarmiðum hafi verið óforsvaranlegt. Óeðlilega mikil áhersla hafi verið lögð á tiltekin sjónarmið en horft fram hjá öðrum sem skylt hafi verið að líta til við ákvörðunartökuna.

Á því er byggt að ómálefnalegt hafi verið að líta til afskipta barnaverndaryfirvalda af börnum stefnanda. Stefnandi kveður þessi afskipti hafa verið lítil sem engin af yngstu tveimur börnum hennar, áætlanir hafi ekki verið gerðar um meðferð máls hvað þau varði eða öðrum úrræðum beitt gagnvart stefnanda á grundvelli barnaverndarlaga. Börnin hafi þó í einhverjum tilvikum nýtt úrræði sem fjölskyldudeild [...] hafi upp á að bjóða eins og sjá megi af gögnum málsins. Hins vegar hafi lítið sem ekkert verið sett út á uppeldi hennar hvað yngstu börn hennar varði. Stefnandi hafi viðurkennt við meðferð málsins að hafa átt í erfiðleikum með uppeldi eldri barna sinna. Hafi hún tekið fram að það hafi komið

til af fjárhagserfiðleikum sem hún hafi átt í á þeim tíma auk þess sem hún hafi enga hjálp fengið frá félagsmálayfirvöldum. Elstu börn hennar séu hins vegar ekki inni á heimili hennar og þó að einhverjir erfiðleikar hafi verið við uppeldi þeirra þá komi það núverandi aðstæðum og uppeldisskilyrðum hjá stefnanda ekkert við. Telur stefnandi þetta vera ómálefnalegt sjónarmið og mat stefndu á því hafi ekki vera forsvaranlegt.

Þá byggir stefnandi á því að ómálefnalegt sé að meta stefnanda ekki heila heilsu þegar læknisvottorð segi annað. Hafi mat stjórnvaldsins á þessu sjónarmiði ekki verið forsvaranlegt. Mati læknisins hafi ekki verið hnekkt og því verði að telja hana hæfa til þess að verða fósturforeldri samkvæmt mati sérfræðings.

Stefnandi telur einnig ómálefnalegt að vísa til þess að stefnandi hafi nóg á sinni könnu við uppeldi tveggja yngstu barna sinna. Hún kveður uppeldi þeirra hafa gengið vel á síðustu árum þó eðlilega eigi þau við sín vandamál að stríða eins og velflestir aðrir. Stefnandi gerir verulegar athugasemdir við þetta sjónarmið stefnda. Í stað þess að líta til þess að yngri börn stefnanda geti verið stuðningur við uppeldi fósturbarns sé einblínt á álag sem hvíli á stefnanda við uppeldi þessara barna. Þegar umsókn um fósturleyfi hafi verið lögð fram hafi þessi börn verið 15 og 17 ára. Bæði hafi þau því verið orðin stálpuð og líklegt að þau yfirgæfu heimilið innan fárra ára. Mat stefndu og barnaverndarnefndar [...] sé ekki forsvaranlegt í þessu tilviki og því sé þetta sjónarmið ómálefnalegt.

Af hálfu stefnanda er tekið fram að þó að stefnda hafi allajafna frjálst mat um það á hvaða sjónarmiðum skuli byggja við úrlausn mála sæti sá réttur veigamiklum undantekningum. Stefnandi telur að það eigi við um tilvik hennar, enda komi fram í barnaverndarlögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra að líta eigi til ákveðinna sjónarmiða þegar tekin sé ákvörðun um veitingu fósturleyfis.

Stefnandi telur að stefnda hafi lagt yfirþyrmandi vægi á þá fáu annmarka sem til staðar hafi verið varðandi fósturhæfni stefnanda og þau uppeldisskilyrði sem hjá henni hafi verið, en horft fram hjá grundvallaratriðum sem hefðu átt að teljast stefnanda til tekna. Með því hafi stefnda brotið gegn þeim hluta réttmætisreglunnar er lúti að innbyrðis mati á vægi málefnalegra sjónarmiða.

Í fyrsta lagi sé ekkert minnst á menntun stefnanda. Hún sé þroskaþjálfari að mennt og hafi unnið sem slík til margra ára hjá [...]. Þaðan hafi hún fengið góð meðmæli og ekkert sett út á hana sem manneskju eða sem starfskraft. Auk þess sé augljóst að menntun hennar geti nýst við uppeldi barns. Ekkert hafi verið minnst á það í ákvörðun stefndu að stefnandi byggi í eigin húsnæði, hún væri með stöðuga vinnu og þar með tekjur, og ætti ekki í teljandi fjárhagserfiðleikum. Allt þetta séu sjónarmið sem stefndu hafi borið að byggja á og taka tillit til samkvæmt reglugerð um fóstur nr. 804/2004, en það hafi ekki verið gert.

Þá bendir stefnandi á að sótt hafi verið um fósturleyfi í þeim tilgangi að fá að fóstura barnabarn hennar sem hún hefði fósturað nokkurn veginn frá fæðingu. Á þeim tíma hefðu myndast mikil geðtengsl milli stefnanda og barnabarns hennar. Ekkert hefði verið litið til hagsmuna barnsins til þess að það væri hjá stefnanda fremur en hjá öðrum ókunnugum aðilum. Þá hefði ekkert verið sett út á uppeldi stefnanda á umræddu barni meðan það hefði verið í fóstri hjá henni. Í því sambandi vísar stefnandi til umsagnar framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar [...] og

greinargerðar félagsráðgjafa sem send hafi verið til stefndu. Auk þess sé gert ráð fyrir í 18. gr. reglugerðar um fóstur að reynt skuli að koma barni í fóstur hjá ættingjum þess þjóni það hagsmunum barnsins.

Stefnandi telur að stefnda hafi lagt yfirþyrmandi vægi á sjónarmið og atvik sem eigi ekki lengur við um stöðu stefnanda, sjónarmið sem mögulega hafi átt við um aðstæður hennar fyrir áratug síðan en geri ekki lengur. Slíkt mat telur stefnandi ekki forsvaranlegt og því hafi stefnda brotið í bága við meginreglu stjórnsluréttar um að málefnaleg sjónarmið skuli ráða niðurstöðu stjórnvaldsákvörðunar.

Samkvæmt framansögðu telur stefnandi að ákvörðun stefndu hafi bæði verið haldin form- og efnisannmörkum, rannsóknarregla og réttmætisregla hafi verið brotin við meðferð málsins. Brot á réttmætisreglu leiði almennt til ógildingar stjórnvaldsákvörðunar og engin rök leiði til þess að það eigi ekki við í þessu tilviki. Rannsóknarregla teljist einnig til svokallaðra öryggisreglna og meginreglan sé sú að brot gegn þeim varði ógildingun stjórnvaldsákvörðunar.

Stefnandi telur að þeir hagsmunir sem í húfi séu í þessu máli séu afar mikilvægir fyrir stefnanda. Með höfnun umsóknar um fósturleyfi hafi stefnda komið í veg fyrir að stefnandi ætti möguleika á að fóstura barnabarn sitt á heimili sínu. Það hafi því verið afar mikilvægt að farið yrði eftir öllum meginreglum stjórnsluréttar við ákvörðun stefndu.

Stefnandi kveðst hafa verulega hagsmuni af ógildingun umræddrar stjórnvaldsákvörðunar. Verði ákvörðunin ógilt hafi stefnandi möguleika á að sækja um fósturleyfi að nýju og geti fengið lögmæta afgreiðslu á erindi sínu. Stefnandi telur það ekki þjóna hagsmunum sínum að sækja að nýju um fósturleyfi, enda fyrirsjáanlegt að stefnda taki ákvörðun á sömu forsendum og áður, þar sem aðstæður stefnanda hafa lítið breyst.

Stefnandi byggir kröfur sínar um ógildingun stjórnvaldsákvörðunar á meginreglum stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. sérstaklega 10. og 12. gr. þeirra laga. Þá vísar stefnandi til barnaverndarlaga nr. 80/2002, sérstaklega XII. kafla laganna og reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur að því marki sem þau eiga við um ágreining aðila. Um varnarþing vísar stefnandi til 1. mgr. 32. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá styðjist krafa um málskostnað við XXI. kafla laga nr. 91/1991.

2. Málsástæður og lagarök stefnda

Í greinargerð stefndu kemur fram að þegar barn er vistað á einkaheimili á grundvelli barnaverndarlaga sé jafnan um tvenns konar úrræði að ræða, annars vegar vistun á grundvelli 84. gr. og hins vegar fóstur á grundvelli 65. gr. Barnaverndarnefnd beri að velja úrræði af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut eigi. Barnaverndarnefnd sé óheimilt að vista barn fyrr en leyfi stefndu liggi fyrir nema ákvæði 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 eigi við. Samkvæmt því ákvæði geti vistun barns hafist í undantekningartilvikum áður en leyfi stefndu liggi fyrir. Eigi það einungis við ef vinda þurfi bráðan bug að ráðstöfun og hagsmunum barns þyki augljóslega best borgið hjá einhverjum sem ekki hafi þá þegar fengið leyfi stefndu. Hefjist vistun barns áður en leyfi sé gefið út

skuli barnaverndarnefnd skila umsókn um leyfi ásamt öllum gögnum til stefndu eigi síðar en sjö dögum eftir að vistun hefst.

Stefnda tekur enn fremur fram að samkvæmt 1. mgr. 84. gr. barnaverndarlaga, sbr. 35. gr. reglugerðar nr. 652/2004, skuli barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla, samningum við einkaheimili eða á annan hátt, til að veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra og/eða til að veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar. Samkvæmt 2. mgr. 84. gr. barnaverndarlaga geti barnaverndarnefnd falið öðrum aðilum rekstur heimila skv. 1. mgr. á grundvelli þjónustusamnings. Barnaverndarnefnd sem óski eftir að setja á stofn annað úrræði samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga beri að sækja um leyfi stefndu, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 652/2004. Heimilt sé að vista barn í slíku úrræði að jafnaði í allt að þrjá mánuði, sbr. 2. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar. Sé vistun ætlað að vara í lengri tíma fari að jafnaði um það eftir ákvæðum barnaverndarlaga um fóstur.

Af hálfu stefndu kemur fram að mál þetta varði ekki beiðni barnaverndarnefndar á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga heldur umsókn stefnanda á grundvelli 66. gr. laganna um fóstur. Hafi stefnda óskað eftir umsögn barnaverndarnefndar [...] vegna hennar. Stefnda kveður þá málsmeðferð alla, rannsókn þess máls og ákvörðun svo samofna málsástæðum stefndu að rétt sé að gera grein fyrir því samhliða. Upplýsingar sem fram komi í greinargerð nefndarinnar vegna þess máls spanni því heildarathugun á aðstæðum stefnanda sem og fyrri afskipti nefndarinnar.

Stefnda hafnar því að tilefni sé til að ógilda þá ákvörðun að synja stefnanda um fósturleyfi. Ákvörðun stefndu sé í samræmi við lög og engir þeir annmarkar séu á henni sem varði ógildingunni.

Af hálfu stefnanda sé því borið við að stefnda hefði átt að kanna frekar líkamlegt ástand stefnanda ef byggja hafi átt synjunina á því. Stefnda tekur fram að í málinu liggi fyrir tvö læknisvottorð. Hið fyrra sé dagsett 1. febrúar 2010. Þar komi fram að stefnandi sé með kransæðasjúkdóm, glími við nokkra ofþyngd, röskun á blóðfitu líkt og þeir hafi oft sem séu með kransæðasjúkdóm og hafi áður fyrir reykt. Stefnandi hafi áður haft önnur tilfallandi heilsufarsvandamál í skamman tíma og hafi hún að jafnaði unnið vel á slíkum kvillum. Síðara vottorðið sé dagsett 27. maí 2010, en þar komi fram að stefnandi hafi fengið hjarta- eða æðasjúkdóm og hafi hún fengið kransæðastíflu í júlí 2001. Stefnda vísar til þess að lög geri ekki kröfu um að læknir taki afstöðu til þess hvort einstaklingur sé hæfur til þess að vera fósturforeldri. Hafi reit þar að lútandi verið bætt inn á eyðublað sem læknum sé gert að útfylla vegna slíkra umsókna, þar sem það hafi verið talið gera ferlið gegnsærra og skýrara. Það hafi þó ekki orðið reyndin. Af hálfu stefndu kemur fram að það hafi aldrei gerst að læknir hafi hakað við „nei“ við útfyllingu á áðurnefndu eyðublaði. Stefnda byggir á því að samkvæmt þessu liggi fyrir að stefnandi sé með kransæðasjúkdóm og hafi hún sjálf talað um að heilsufar hennar myndi hamla henni við umsjá fósturbarns. Það hafi raunar einnig komið fram í símtali hennar við starfsmann stefndu þann 25. ágúst 2010.

Stefnda tekur fram að læknisvottorð séu aðeins hluti af þeim upplýsingum sem myndi heildarsýn á aðstæður viðkomandi einstaklings. Þær upplýsingar sem þar komi fram skipti vitanlega máli, þrátt fyrir að læknir sé ekki reiðubúinn að taka þá ábyrgð að meta einstaklinginn óhæfan til þess að taka að sér fósturbarn, enda sé það ekki í verkahring læknisins að taka slíka ákvörðun. Læknirinn hafi þar að auki engar frekari upplýsingar um málið, hvorki upplýsingar um barnið sem til standi að fóstura hjá viðkomandi einstaklingi, hvort stefnt sé að tímabundnu eða varanlegu fósturi o.s.frv.

Stefnandi telji að stefndu hafi borið að kanna aðstæður hennar nánar áður en komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að hún hefði „nóg á sinni könnu“ við uppeldi yngsta barns síns. Stefnda tekur fram að með þessum orðum sé vísað til fyrri barnaverndarafskipta af börnum stefnanda, en uppeldi þeirra hafi augljóslega reynst henni þungt verkefni. Því verkefni hafi ekki verið lokið þegar umsóknin hafi verið til athugunar þar sem yngstu börn hennar tvö hafi verið undir löfgaldri. Þá hafi legið fyrir að barnaverndarmál hafi verið opið vegna yngsta barns hennar. Hafi það komið fram í umsókn barnaverndarnefndar um stofnun úrræðis á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, dags. 5. febrúar 2010, og bréfi nefndarinnar, dags. 11. mars 2010. Við mat stefndu á umsókn stefnanda um fósturleyfi hafi meðal annars verið byggt á þeim barnaverndarafskiptum sem hafi verið í gegnum tíðina af henni og hennar eigin börnum. Hafi orð barnaverndarnefndarinnar sjálfrar verið lögð til grundvallar ákvörðuninni. Ekki hafi verið talið tilefni til sérstakrar rannsóknar af hálfu stefndu um þau atriði, umfram það sem þegar hafi verið þekkt.

Stefnda telur örðugt að sjá með hvaða hætti og aðferðum unnt hefði verið að rannsaka nánar staðhæfingar í greinargerð starfsmanns barnaverndarnefndar um að tengsl stefnanda og yngri barna hennar einkenndust af markaleysi og togstreitu og varðandi óreiðu á heimili stefnanda.

Í þessu sambandi tekur stefnda fram að ítarlegar reglur gildi um hvaða upplýsinga skuli aflað við afgreiðslu fósturleyfisumsókna. Samkvæmt 1. mgr. 66. gr. barnaverndarlaga skuli barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi umsækjenda veita umsögn um hæfi þeirra til að taka barn í fóstur samkvæmt nánari reglum sem fram komi í reglugerð. Með þessu ráðgeri lögin að barnaverndarnefnd sé einna best í stakk búin til þess að meta hæfi umsækjanda, enda allar líkur á því að barnaverndarnefndir séu í betri aðstöðu til að afla vitneskju og upplýsinga um þá sem búi í umdæmi nefndarinnar.

Samkvæmt verklagsreglum stefndu skuli í umsögn barnaverndarnefndar fyrst og fremst leggja áherslu á að lýsa heimilishögum, fjölskyldusögu, umhverfi og aðstæðum væntanlegra fósturforeldra, svo sem menntun, atvinnu, fjármálum, heilsufari og áhugamálum þeirra, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur. Sérstaklega skuli kanna hvort viðkomandi hafi önnur leyfi eða sinni öðrum verkefnum samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eða sinni umönnun eða umsjá einstaklinga samkvæmt ákvæðum annarra laga. Þá skuli kanna með almennum hætti hvernig skólamálið sé háttað í skólahverfi umsækjanda. Við gerð umsagnar skuli fara a.m.k. einu sinni á heimili væntanlegra fósturforeldra. Að lokinni könnun skuli starfsmaður skrifa greinargerð um hagi umsækjanda og gera tillögu um afgreiðslu málsins. Gefa skuli umsækjanda kost á að koma að athugasemdum við greinargerð og tillögu. Að því loknu afgreiði barnaverndarnefnd umsögn með

bókun. Stefnda gefi út nánari leiðbeiningar um þau atriði sem þurfi að kanna og koma fram í umsögn barnaverndarnefndar. Eru þau atriði hliðstæð þeim sem tíunduð hafi verið, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 804/2004.

Stefnda tekur fram að ítarlegri rannsókn á högum umsækjenda sé vart hægt að gera nema e.t.v. með sálfræði- eða forsjárhæfnimati sérfræðings – sem ekki séu til staðlaðar matsaðferðir við – en slíkt sé aldrei gert við veitingu fósturleyfis, hvorki í þessu máli né í öðrum málum. Hafi stefnda metið það svo í þessu máli sem endranær að reynsla, rannsókn og niðurstaða barnaverndarnefndarinnar, sem einna best þekki til í málum sem þessu, væri nægjanleg til þess að varpa ljósi á hagi umsækjanda. Forsendur niðurstöðu barnaverndarnefndarinnar í því tilviki sem hér um ræði séu áralöng afskipti af viðkomandi heimili, ásamt ítarlegri úttekt starfsmanns nefndarinnar á heimilinu og aðstæðum umsækjanda. Greinargerð starfsmannsins komi einungis til viðbótar og sé til stuðnings þeim upplýsingum sem nefndin hefði haft um umsækjandann sem og heimsóknum til stefnanda. Þá hafi stefnda einnig kannað aðstæður stefnanda.

Af hálfu stefndu er á það bent að með umsögn barnaverndarnefndar [...] um hæfi stefnanda hafi fylgt athugasemdir hennar sjálfar við greinargerð starfsmannsins. Stefnanda hafi síðan verið ítrekað gefinn kostur á andmælum við umsögn barnaverndarnefndarinnar, sbr. bréf stefnda til stefnanda, dags. 6. júlí 2010 og 10. ágúst 2010. Engar athugasemdir hafi borist en stefnandi þó komið á framfæri sjónarmiðum sínum í símtali.

Með tilliti til þeirra upplýsinga og gagna sem aflað hafði verið tekur stefnda fram að ekki hafi verið talin ástæða til að afla frekari gagna, svo sem annars forsjárhæfnismats, enda hvorki lögboðið né hefðbundið að afla slíks mats. Byggir stefnda á því að málið hafi verið nægjanlega vel upplýst og í samræmi við reglur stjórnslulaga um rannsókn máls og andmælarétt, og ekki síður reglur um málshraða. Hafa beri í huga að greinargerð barnaverndarnefndarinnar sé í reynd sams konar og forsjárhæfnismat að efni og að sama skapi ítarleg.

Stefnda byggir einnig á því að líta beri til þess að við setningu barnaverndarlaga hafi verið lögð rík áhersla á málshraða. Málshraðareglan sé almennt talin hafa sérstaka þýðingu þegar börn eigi í hlut og sé hún því ítrekuð, meðal annars í 2. mgr. 41. gr. barnaverndarlaga. Áhersla sé lögð á málshraða í XI. kafla laganna um meðferð tiltekinna mála fyrir dómi og dómsmál skv. X. kafla skuli ávallt sæta flýtimeðferð, sbr. 53. gr. b. Með breytingum sem gerðar hefðu verið á barnaverndarlögum með lögum nr. 80/2011, hafi enn verið skerpt á þessari áherslu, sbr. einkum 31. gr. laga nr. 80/2011.

Hvað snerti umfjöllun í stefnu um staðhæfingar starfsmanns barnaverndarnefndar um að ekki væri ásættanlegt að fólk í virkri neyslu væru á heimili barna, hvað þá á fósturheimili á vegum barnaverndaryfirvalda, verði greinargerð starfsmannsins og andmæli stefnanda þar að lútandi látin tala sínu máli. Að mati stefndu sé erfitt að sjá hvernig fara ætti að því að tryggja að viðkomandi einstaklingar hefðu ekki aðgang að heimilinu og eðlilegt að vænta þess að slíkur aðgangur yrði einhver, bæði í ljósi tengsla, enda um eigin börn stefnanda að ræða, og í ljósi samskiptasögu fjölskyldunnar. Af greinargerð starfsmanns barnaverndarnefndarinnar sé ljóst að samskipti og samgangur stefnanda og yngri barna hennar við þau eldri hafi verið jafnvel meiri en góðu hófi gegni í ljósi þess að yngsta barn

hennar sé enn undir aldri. Í gögnum málsins sé greint frá aðstæðum þessum, en yngsta barn stefnanda hafi búið á heimili elsta sonar hennar og ekki annað að sjá en að það hafi verið með samþykki hennar þrátt fyrir að um óharðnaðan ungling hafi verið að ræða. Minnst sé á sakarferil og sögu eldri sonanna í stefnu, en nánar sé frá því greint í gögnum málsins. Að öðru leyti vísist um þessi atriði til greinargerðar starfsmanns barnaverndarnefndarinnar og andmæla stefnanda við þeirri greinargerð.

Í stefnu komi fram að í greinargerð starfsmanns barnaverndarnefndarinnar hafi verið byggt á tíu ára gömlu sálfræðimati. Ekki sé deilt um að það álit hafi verið of gamalt til að byggja mætti á því og kveðst stefnda ekki hafa gert það. Ekki tíðkist að láta fara fram sálfræðilegt mat á umsækjendum um fósturleyfi. Hefði stefnda talið tilefni til frekari rannsóknar, svo sem nýrrar rannsóknar á skapgerð umsækjanda, tilfinningalífi, vitsmunalegri getu, geðrænum þáttum o.s.frv. hefði stefnda óskað eftir nýju mati sálfræðings. Í ljósi alls þess sem þegar hafi verið fram komið hafi ekki verið talin þörf á slíku mati.

Stefnda mótmælir því að brotið hafi verið gegn réttmætisreglu. Ákvörðun um að synja stefnanda um fósturleyfi hafi verið matskennd stjórnvaldsákvörðun. Eins og lög ráðgeri um slíkar ákvarðanir hafi verið rétt að gera grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi hafi verið við matið. Það hafi verið gert í ákvörðuninni frá 31. ágúst 2010. Ekki hafi verið þörf á að gera nákvæma grein fyrir öllum sjónarmiðum sem matskennd ákvörðun er byggð á, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Stefnda tekur fram að stefnandi væni hana um að hafa byggt ákvörðun sína á ómálefnalegum sjónarmiðum og að mat á þeim hafi verið óforsvaranlegt. Óeðlilega mikil áhersla hafi verið lögð á tiltekin sjónarmið en horft fram hjá öðrum sem skylda beri til að líta til skv. lögum og reglugerðum. Af hálfu stefndu er þessu hafnað.

Áralöng og yfirstandandi barnaverndarafskipti af börnum umsækjanda gefi augljóst tilefni til þess að ætla að umsækjandi geti átt í erfiðleikum með að ala upp fósturbarn, enda sé það almennt strembnara verkefni en að ala upp eigin börn. Það skýrist ekki síst af þeim atburðum og aðstæðum sem séu tilefni fósturs. Þegar hafi verið rakin ákvæði barnaverndarlaga, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim, sem tíundi þau gögn sem afla skuli og þau sjónarmið sem líta skuli til við mat á umsókn um leyfi til að taka barn í fóstur samkvæmt 66. gr. barnaverndarlaga. Í málinu hafi legið fyrir ítarleg gögn um aðstæður umsækjanda, sem á heildina litið styðji eindregið þá niðurstöðu sem stefnda hafi komist að í ákvörðun sinni. Byggir stefnda á því að matið hafi verið málefnalegt og í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga.

Því sé m.a. haldið fram af hálfu stefnanda að við mat á umsókn hennar hafi óeðlilega mikil áhersla verið lögð á afskipti barnaverndaryfirvalda af fjölskyldu hennar og lífshlaupi uppkominna barna hennar. Ákvörðun sú sem mál þetta lúti að kveður stefnda að snúist um mat á því hvort barnaverndaryfirvöld treysti sér til þess að bera ábyrgð á því að umsækjanda verði falið að taka að sér og bera ábyrgð á lífi og velferð barns sem taka hefur þurft af eigin heimili á grundvelli barnaverndarlaga. Sú staðreynd að umsækjandi hafi sjálf í gegnum tíðina átt rúmlega fullt í fangi með uppeldi eigin barna og þurft talsverðan stuðning til og

orðið að sæta miklum og ítrekuðum afskiptum barnaverndaryfirvalda, hljóti að mati stefndu að veða þungt við slíkt mat. Því hafi verið bæði rétt og skylt að gefa slíkum þáttum umtalsvert vægi við töku ákvörðunarinnar, enda varði þeir sjálft inntak og eðli þeirrar ráðstöfunar sem barnaverndaryfirvöld eigi þar hlut að.

Stefnda hafnar þeirri viðbáru að hvergi sé vikið að þeim jákvæðu atriðum sem hafi átt að teljast umsækjanda til tekna. Vísar stefnda þar einkum til umsagnar barnaverndarnefndar, dags. 25. júní 2010, þar sem fram komi að barnið hafi dafnað vel í umsjá stefnanda, og jafnframt til greinargerðarinnar sem fylgdi umsögninni, þar sem fram komi ýmis atriði sem hljóti að teljast umsækjanda til tekna, svo sem jákvæð lýsing á nánasta nágrenni heimilisins, menntun umsækjanda sem tvímælalaust sé talin kostur, svo og starf hennar. Þá sé þar tekið fram að óreiða á innanstokksmunum heimilis þurfi ekki að vera börnum sérstaklega skaðleg ef aðrir styrkjandi þættir vegi upp á móti. Á fleiri stöðum í greinargerðinni sé dregið úr neikvæðri mynd sem gæti skapast af tilteknum atriðum sem þar komi fram. Þessi atriði hafi því að sönnu verið dregin fram en aðrir þættir hafi haft meiri þýðingu.

Stefnda hafnar því sem röngu að í 18. gr. reglugerðar nr. 804/2004 sé við það miðað að reyna skuli að koma barni í fóstur hjá ættingjum barns, þjóni það hagsmunum þess. Þvert á móti sé það skýrt í lögum og reglugerðum að ákvörðun um að vista barn hjá ættingjum lúti sömu reglum og almennt um fóstur. Með 34. gr. laga nr. 80/2011 um breytingar á barnaverndarlögum hafi verið gerðar þær breytingar á 67. gr. að felld hafi verið niður áréttning 3. málslíðar 2. mgr. 67. gr. laganna þess efnis að um fóstur til ættingja fari eftir almennum reglum um ráðstöfun barns í fóstur. Ákvæði 66. gr. laganna um leyfisveitingar og ákvæði 67. gr. um val á fósturforeldrum gildi fullum fetum um alla sem óski eftir að taka barn í fóstur, ættingja jafnt sem aðra. Hafi þótt óþarft að taka þetta sérstaklega fram og talin hætta á að slík áréttning gæti valdið misskilningi. Ákvæðið hafi því verið fellt úr lögum.

Í 18. gr. fyrrnefndrar reglugerðar um fóstur segi að ef nákominn ættingi, sem fengið hefur leyfi stefnda, óski eftir að taka barn í fóstur beri barnaverndarnefnd að meta hvort það þjóni hagsmunum barnsins best að ráðstafa því í fóstur til viðkomandi. Öllum sem óski eftir að taka barn í fóstur sé almennt skylt að sækja námskeið á vegum stefndu áður en leyfi er veitt, sbr. kafla 18.3.3 og 18.3.4 í handbók fyrir barnaverndarnefndir. Við sérstakar aðstæður sé stefndu heimilt að veita leyfi án þess að umsækjandi hafi lokið námskeiði og í þeim tilvikum meti stefnda sérstaklega þau atriði sem annars felist í hæfnismati á námskeiði. Að loknu námskeiði séu umsóknir afgreiddar. Umsóknarferlið geti tekið nokkurn tíma og miklar kröfur séu gerðar til umsækjenda. Þetta sé eðlilegt í ljósi þess að verið sé að leita að fólki til að annast uppeldi og umönnun barns sem eigi að baki þá þungu reynslu að þurfa að fara frá foreldrum sínum auk þess sem barnið hafi í sumum tilvikum búið við afar erfiðar aðstæður. Barn sem fari í fóstur þurfi að komast í betri aðstæður og njóta umönnunar fólks sem sé fært um að skapa því nýtt heimili og öryggi. Fósturforeldrar þurfi að vera við góða almenna heilsu, búa við stöðugleika auk fjárhagslegs og félagslegs öryggis sem geti stuðlað að jákvæðum þroskamöguleikum barns. Reynslan sýni að ættingjar sem taki við barni í fóstur eigi jafnan erfiðara hlutverk fyrir höndum en fósturforeldrar almennt. Ástæða þessa sé gjarnan sú að þeim reynist torvelt eða jafnvel ómögulegt að gera nauðsynlegan greinarmun á hagsmunum fósturbarnsins og foreldra þess vegna tilfinningalegra tengsla og vensla við foreldri barns. Þá lendi þeir gjarnan í togstreitu og

siðferðisklemmu sem hafi áhrif á líðan þeirra og þar með það barn sem þeir hafi í umsjá sinni.

Stefnda byggir loks á því að ástæða þess að barnið hafi dvalist jafn lengi á heimili stefnanda og raun beri vitni hafi alfarið verið sú að dráttur hafi orðið af hálfu nefndarinnar við að komast að niðurstöðu í málinu og finna varanlega lausn fyrir barnið. Stefnda byggir á því að um sé að ræða ákvörðun sem lúti fyrst og fremst að hagsmunum barns. Hún varði því ekki hagsmuni borgara, réttindi hans og skyldur eins og stjórnvaldsákvörðun almennt. Hún snúist um að veita einstaklingi fósturleyfi og þar af leiðandi varði hún fyrst og fremst hagsmuni þeirra barna sem nauðsynlegt reynist að vista utan heimilis síns. Mat stefndu á umsókn um slíkt leyfi eigi því að taka mið af hagsmunum barnsins svo sem gert hafi verið. Alltaf skuli hafa í huga að verið sé að velja barni fósturforeldra en ekki fósturforeldrum barn.

Stefnda tekur fram að margt af því sem metið sé við ákvörðun um veitingu fósturleyfis sé erfitt að rannsaka í þaula og matsatriði víða að finna. Stjórnsýslurétturinn leggi áherslu á að borgarinn skuli iðulega njóta vafans þegar stjórnvöld taki ákvörðun um réttindi hans og skyldur. Í þessu tilviki hafi verið rétt að líta einkum og sér í lagi til hagsmuna barnsins sem í hlut hafi átt, sem ekki njóti hefðbundinnar stöðu borgarans gagnvart stjórnsýslurétti. Grundvallarreglur íslensks réttar, ásamt mörgum alþjóðlegum samningum sem Ísland hafi bæði samþykkt og fullgilt, kveði á um það að hagsmunir barnsins skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi. Það leiði til þess að barnið skuli í tilvikum sem þessum alfarið fá að njóta vafans sé hann fyrir hendi.

Stefnda tekur fram að stefnandi hafi ekki sett sig upp á móti synjun á því að henni yrði veitt fósturleyfi fyrir en um miðbik þessa árs. Þannig komi fram í símtali starfsmanns stefndu og stefnanda þann 25. ágúst 2010, að stefnandi væri fús til þess að vista barnið tímabundið, en að hún gerði sér grein fyrir því að hún gæti ekki tekið barnið í varanlegt fóstur, hún væri að verða fimmtug og hjartveik. Í umsókn stefnanda um fósturleyfi hafi komið fram að hún sækti þar um „tímabundna fósturheimild“. Þá liggi fyrir að stefnandi hafi ekki kært ákvörðun stefndu um að synja henni um fósturleyfi, eins og henni hafi verið heimilt að gera og hafi verið leiðbeint um í bréfi stefndu, dags. 31. ágúst 2010. Það hafi ekki verið fyrir en í byrjun árs 2011 sem hafi farið að bera á óánægju stefnanda með niðurstöðuna. Virðist rót þeirrar óánægju hafa verið að stefnandi hafi fengið fregnir af því að starfsmaður barnaverndarnefndarinnar, sem hafi unnið greinargerð um aðstæður á heimili hennar, hafi titlað sig sem félagsráðgjafa án þess að hafa réttindi til þess. Það virðist hafa hreyft við stefnanda þrátt fyrir að það hefði ekkert með niðurstöðuna að gera og hefði engin áhrif í málinu. Þegar óánægja stefnanda hafi komið upp hafi henni strax verið bent á þær leiðir sem henni hafi verið færar til þess að fá ákvörðunina endurskoðaða og hafi hún valið að krefjast þess að stefnda tæki ákvörðunina upp aftur. Þeirri beiðni hafi verið hafnað með bréfi, dags. 1. júní 2011, enda hafi skilyrði endurupptöku ekki verið uppfyllt.

Með vísan til alls framanritaðs áréttar stefnda kröfu um sýknu og mótmæli við málsástæðum stefnanda. Telur stefnda að málið hafi verið nægjanlega rannsakað á grundvelli 10. gr. stjórnsýslulaga og að stefnanda hafi verið veittur kostur á andmælum í samræmi við 13. gr. sömu laga, sem og ákvæði barnaverndarlaga, og hún nýtt sér þann andmælarétt. Ákvörðun stefndu hafi verið reist á málefnalegum sjónarmiðum og réttmætum. Ekki sé rétt að ákvörðunin hafi verið byggð á atvikum

sem ekki hafi átt lengur við, enda hafi málið verið sérstaklega rannsakað í tengslum við umsókn hennar og aðstæður hennar þá rannsakaðar og metnar.

Til stuðnings kröfum stefndu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Forsendur og niðurstaða

Fjallað er um ráðstöfun barna í fóstur í XII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nánari fyrirmæli eru um þetta úrræði í reglugerð nr. 804/2004 um fóstur sem sett hefur verið með stoð í 78. gr. barnaverndarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laganna er með fóstri átt við þegar barnaverndarnefnd felur sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjú mánuði þegar foreldrar hafa afsalað sér forsjá til barnaverndarnefndar eða samþykkja fóstur, barn er forsjárlaust og foreldrar hafa verið sviptir forsjá. Fóstur getur bæði verið varanlegt, þannig að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður, eða tímabundið sem á við þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður þannig að barnið geti snúið aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum sínum, sbr. 2. mgr. 65. gr. barnaverndarlaga og 3. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Hvort sem fóstur er tímabundið eða varanlegt er markmið þess að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu sem best hentar þörfum þess, eins og segir í 3. mgr. 65. gr. barnaverndarlaga. Skal barni tryggður góður aðbúnaður hjá fósturforeldrum og skulu þeir sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess.

Þeir sem vilja taka börn í fóstur verða að leita leyfis stefndu fyrir því, sbr. 66. gr. barnaverndarlaga. Í ákvæðinu kemur fram að áður en leyfi er veitt skuli leita umsagnar barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi umsækjenda um hæfi þeirra til að taka barn í fóstur samkvæmt nánari reglum í reglugerð.

Í 6. gr. reglugerðar nr. 804/2004 koma fram þær almennu kröfur sem gerðar eru til fósturforeldra. Þar segir að fósturforeldrar skuli vera í stakk búnir til þess að veita barni trygga umönnun og öryggi og til að mæta þörfum barns sem hefur búið við ótryggar aðstæður eða átt við erfiðleika að etja. Þurfi þeir að vera við góða almenna heilsu, búa við stöðugleika auk fjárhagslegs og félagslegs öryggis sem stuðlað geti að jákvæðum þroskamöguleikum barns. Ekki er skilyrði að umsækjandi sé í sambúð eða hjónabandi en hjón eða sambúðarfólk skuli sækja um leyfi saman. Þá er þeim sem hafa brotið gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga óheimilt að taka barn í fóstur ef brot hefur beinst gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Í 7. gr. reglugerðarinnar eru fyrirmæli um gögn sem umsækjandi skal láta fylgja umsókn sinni en auk þess er þar kveðið á um að stefnda geti leitað frekari gagna og upplýsinga um hagi umsækjenda enda sé honum gert kunnugt um það.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. fyrrgreindrar reglugerðar nr. 804/2004 skal í umsögn barnaverndarnefndar í tilefni af umsókn um fósturleyfi fyrst og fremst leggja áherslu á að lýsa heimilishögum, fjölskyldusögu, umhverfi og aðstæðum væntanlegra fósturforeldra, svo sem menntun, atvinnu, fjármálum, heilsufari og

áhugamálum þeirra. Þá ber að kanna hvort viðkomandi hafi önnur leyfi eða sinni öðrum verkefnum samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eða sinni umönnun eða umsjá einstaklinga samkvæmt ákvæðum annarra laga. Þá skuli kanna með almennum hætti hvernig skólamálum sé háttað í skólahverfi umsækjanda. Enn fremur er þar kveðið á um að við gerð umsagnar skuli farið a.m.k. einu sinni á heimili væntanlegra fósturforeldra. Að lokinni könnun á framangreindum atriðum ber starfsmanni að skrifa greinargerð um hagi umsækjanda og gera tillögu um afgreiðslu málsins. Skyld er að gefa umsækjanda kost á að koma að athugasemdum við greinargerð og tillögur starfsmannsins. Því næst afgreiðir viðkomandi barnaverndarnefnd umsögnina með bókun.

Auk þessa mats verða umsækjendur að sækja námskeið á vegum stefndu, sbr. 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Markmið þess er annars vegar að leggja mat á hæfni umsækjanda og hins vegar að veita honum nauðsynlega þjálfun og undirbúning fyrir hlutverk sitt.

Á framangreindum grundvelli og í samræmi við meginreglu 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga verður við ákvörðun um hæfi þeirra, sem sækjast eftir því að gerast fósturforeldrar, að hafa hagsmuni þess barns eða þeirra barna sem munu fara í umsjá þeirra í fyrirrúmi. Miða kröfur til umsækjenda að því að tryggja að fósturforeldrar séu í stakk búnir til að axla ábyrgð á uppeldi barna, sem oftast en ekki hafa þurft að ganga í gegnum erfiða lífsreynslu, og veita þeim stuðning og öryggi. Ákvörðun um hæfi umsækjenda er háð mati stefndu og verður það mat að vera reist á málefnalegum og lögmætum sjónarmiðum. Þau sjónarmið eru lögmæt sem eru almennt til þess fallin að varpa ljósi á forsendur og getu umsækjenda til að axla þá ábyrgð sem að framan greinir. Í 6. og 8. gr. reglugerðar nr. 804/2004, sem lýst var hér að framan, er vikið að þeim meginsjónarmiðum sem koma til álita við þetta mat. Niðurstaða um hæfi viðkomandi hlýtur að ráðast af heildarmati á þessum atriðum og eftir atvikum á öðrum málefnalegum sjónarmiðum.

Í máli því sem hér er til úrlausnar leitar stefnandi eftir því að felld verði úr gildi ákvörðun stefndu um að hafna því að hún fengi leyfi til að taka barn í fóstur. Umsókn stefnanda fékk þá meðferð sem kveðið er á um í 66. gr. barnaverndarlaga, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 804/2004, en leitað var umsagnar barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem stefnandi býr. Starfsmaður nefndarinnar var fenginn til að vinna greinargerð um hæfi stefnanda almennt til að fóstura börn, eins og mælt er fyrir um í fyrrgreindu ákvæði. Í greinargerðinni er fjallað um heimilishagi stefnanda og umhverfi. Þar er einnig tekið fram að stefnandi hafi ekki önnur leyfi samkvæmt barnaverndarlögum, en starfi við umönnun fatlaðra samkvæmt þeim lagafyrirmælum sem um þá starfsemi gilda. Þá er bent á að hún sé menntuð í þroskaþjálfun og tekið fram að það sé tvímælaust kostur. Í greinargerðinni er síðan fjallað um fjölskyldusögu stefnanda. Því næst er vikið að aðstoð og aðkomu barnaverndarnefndar að málefnum barna stefnanda. Kemur þar fram að barnaverndarnefnd hafi haft umtalsverð afskipti af næstelsta syni hennar frá byrjun árs 1997 og þangað til hann varð lögráða, vegna mikilla samskipta- og hegðunarerfiðleika piltisins. Einnig hafi barnaverndarnefnd haft nokkur afskipti af málum yngsta sonar stefnanda vegna hegðunarerfiðleika hans. Hafi verið unnið í málum hans með hléum allt frá árinu 1997, en hann var að verða 18 ára þegar greinargerðin var rituð. Jafnframt hafi barnaverndarnefnd haft aðkomu að málefnum dóttur stefnanda sem sé yngst systkinanna. Hafi þau afskipti í fyrstu komið til út af vísbindingum um vanlíðan stúlkunnar árið 2000 þegar hún var í

leikskóla. Árið 2009 hafi síðan borist tilkynningar um ætlað kynferðisofbeldi gagnvart henni af hálfu eldri drengs auk grunsemda um vanrækslu við umsjón og eftirlit með dótturinni. Í greinargerðinni er síðan vikið almennt að aðstæðum stefnanda. Þar er gerð grein fyrir menntun hennar og áformum hennar í því efni, atvinnu í gegnum tíðina og störfum hennar í dag, fjármálum, þ.e. tekjum, eignum og skuldum, heilsufari stefnanda sem og áhugamálum og tómstundum. Einnig er þar gerð grein fyrir svörum hennar við spurningum starfsmannsins um viðhorf til kynforeldra og hvort hún treysti sér til að vera með ungt barn til langframa. Í greinargerðinni er síðan vikið að mati starfsmannsins. Í niðurlagi þess kemur fram að svo virtist sem stefnandi hefði nóg á sinni könnu við uppeldi dóttur sinnar og við að aðstoða uppkomna syni við að höndla lífið og tilveruna. Þá sjái hún um sjö ára sonarson sinn eina helgi í mánuði. Aðstæður hennar byðu því ekki upp á að hún tæki að sér utan að komandi börn sem væru í þörf fyrir stöðugleika og öruggt umhverfi. Því var lagst gegn því að barnaverndarnefnd veitti stuðning sinn fyrir umsókn stefnanda.

Í þessari ítarlegu greinargerð starfsmannsins er fjallað um öll þau atriði sem ber að gera grein fyrir samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Eins og greinargerðin ber með sér var efni hennar reist á samtölum við stefnanda og gögnum sem lágu fyrir hjá barnaverndarnefnd. Stefnanda var af hálfu barnaverndarnefndar gefið færi á að gera athugasemdir við greinargerðina, eins og mælt er fyrir um í reglugerðarákvæðinu, og voru athugasemdir hennar sendar stefndu og liggja fyrir í málinu. Í umsögn barnaverndarnefndar er í meginatriðum vísað til niðurstöðu greinargerðarinnar, en jafnframt bent á að umsókn stefnanda lyti að tímabundinni ráðstöfun og að sonarsonur hennar hefði dafnað vel hjá henni þann tíma sem hann hefði dvalist hjá henni. Í ákvörðun stefndu er vísað til niðurstöðu barnaverndarnefndar auk þess sem tekið er fram að líta beri til aldurs stefnanda með hliðsjón af aldri þess barns sem í hlut ætti, heilsufars hennar og þeirrar staðreyndar að umönnun barnsins myndi hvíla á hennar herðum að fullu.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að annmarkar hafi verið á rannsókn málsins af hálfu stefndu, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eins og nánar er rakið í kafla III, auk þess sem efnislegir annmarkar hafi verið á ákvörðun stefndu. Athugasemdir stefnanda varðandi rannsókn málsins lúta í meginatriðum að fjórum atriðum; rannsókn á heilsufari hennar, álagi í tengslum við tvö yngstu börn hennar, umfjöllun í greinargerð um aðgang eldri sona stefnanda að heimili hennar og tilvísun til sálfræðimats á stefnanda frá árinu 2001.

Þegar ákvörðun stefndu var tekin lágu fyrir tvö læknisvottorð [...] læknis, annað dagsett 1. febrúar 2010 en hitt dagsett 27. maí sama ár. Síðara vottorðið er skráð á eyðublað frá stefndu, en þar hefur læknirinn merkt við „já“ við spurningu á eyðublaðinu um hvort umsækjandi væri hæfur sem fósturforeldri með tilliti til heilsufars. Þar kemur þó fram að stefnandi hafi fengið kransæðastíflu í júlí 2001. Í vottorðinu er einnig skráð við forskráðan texta á eyðublaðinu: „Hjarta og æðakerfi: Án athugasemda.“ Jafnframt segir þar að stefnandi sé yfir kjörþyngd. Í fyrra vottorðinu frá 1. febrúar 2010 segir hins vegar orðrétt: „[A] hefur fengið kransæðasjúkdóm og er með, og glímur við nokkra ofþyngd, röskun á blóðfitu líkt og þeir oft hafa sem eru með kransæðasjúkdóm og hefur áður fyrr reykt.“ Taldi læknirinn að þetta væri það helsta sem hægt væri að tíunda „um hennar heilsufar hvað varðar langvinnan heilsufarsvanda“. Óljóst er af þessum vottorðum hvort kransæðastífla stefnanda árið 2001, ásamt þyngd hennar og röskun á blóðfitu, gefi

til kynna að um varanlegt heilsufarsvandamál hafi verið að ræða er komi niður á getu hennar til að annast fósturbarn níu árum síðar. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að í símtali við starfsmann stefndu 25. ágúst 2010 mun stefnandi hafa greint frá því að hún gæti ekki tekið barnið í varanlegt fóstur þar sem hún væri að verða fimmtug og væri hjartveik. Minnisblað starfsmannsins liggur fyrir um efni þessa símtals auk þess sem starfsmaðurinn kom fyrir dóm og staðfesti það. Að teknu tilliti til þessara upplýsinga og fyrirbyggjandi vottorða um heilsu stefnanda er ekki unnt að fallast á að málsmeðferð stefndu hafi stangast á við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnslulaga þar sem ekki hafi verið aflað frekari læknisvottorða um heilsufar stefnanda.

Upplýsingar um barnaverndarmál sem tengdust börnum stefnanda lágu fyrir barnaverndarnefnd þegar unnið var að umsögn nefndarinnar um hæfi hennar. Meginatriðum þeirra mála var lýst í greinargerð starfsmanns nefndarinnar sem jafnframt var reist á viðtölum við stefnanda og heimsókn á heimili hennar. Gat stefnandi gert athugasemd við þá lýsingu. Í fyrirbyggjandi, skriflegum sjónarmiðum hennar eru ekki gerðar veigamiklar athugasemdir við þessa lýsingu á afskiptum barnaverndaryfirvalda. Hins vegar eru þar gefnar ákveðnar skýringar á togstreitu sem starfsmaður fann fyrir á heimilinu og óreiðu innan dyra. Að þessu gættu er ekki efni til að fallast á með stefnanda að nauðsynlegt hafi verið að kanna betur staðhæfingar um að stefnandi hefði „nóg á sinni könnu við uppeldi yngsta barns síns“ og við að aðstoða uppkomna syni sína „við að höndla lífið og tilveruna“.

Ummæli í greinargerð starfsmanns barnaverndarnefndar um að ekki sé ásættanlegt að fólk í virkri neyslu sé á heimili barna virðast hafa tengst áhyggjum af því að tveir elstu synir stefnanda gætu haft einhvern aðgang að heimilinu eftir að afplánun þeirra lyki. Stangast þetta á við það sem stefnandi hafði sjálf greint frá. Út frá almennri vitneskju um félagsleg tengsl uppkominna barna við foreldra sína er þó eðlilegt að við þær aðstæður sem fyrir hendi voru vöknudu áhyggjur í þá veru sem fram kemur í greinargerðinni. Ekki verður séð með hvaða hætti unnt hefði verið að afla gleggri upplýsingar um möguleg samskipti sona stefnanda og hennar. Verður ekki talið að stefnda hafi brotið gegn rannsóknarreglu stjórnsluréttar að þessu leyti.

Af hálfu stefndu er fallist á að sálfræðimat, sem vísað var til í greinargerð starfsmanns barnaverndarnefndar og lagt var út af við mat á tilteknum skapgerðareiginleikum stefnanda, hafi verið of gamalt til að unnt væri að byggja á því. Jafnframt er staðhæft að þessar ályktanir í greinargerðinni hafi ekki haft þýðingu fyrir niðurstöðu stefndu í málinu, en ekki tíðkist að láta fara fram sálfræðilegt mat á umsækjendum um fósturleyfi. Af þessum sökum verður að ganga út frá því að ekki hafi verið byggt á skapgerð stefnanda, tilfinningalífi hennar, vitsmunalegri getu eða öðrum sálrænum þáttum við mat á hæfi hennar. Eins og atvikum var háttað er því ekki efni til að telja að málsmeðferð stefndu hafi stangast á við rannsóknarreglu stjórnslulaga hvað þetta varðar.

Eins og rakið hefur verið byggir stefnandi einnig á því að ákvörðunin hafi verið reist á ómálefnalegum sjónarmiðum auk þess sem lagalegir ágallar hafi verið á mati stefndu við úrlausn málsins.

Stefnandi telur meðal annars að stefndu hafi verið óheimilt að líta til barnaverndarafskipta af börnum hennar við úrlausn málsins, enda hafi lítið sem

ekkert verið hægt að setja út á uppeldi hennar á tveimur yngstu börnunum. Þá telur hún að ómálefnalegt hafi verið að byggja á því að stefnandi hefði nóg á sinni könnu við uppeldi þeirra. Við aðalmeðferð málsins var upplýst að þegar ákvörðunin var tekin hafi ennþá verið ólokið barnaverndarmáli er laut að dóttur stefnanda. Jafnvel þótt uppeldi stefnanda á yngri börnum hennar hafi ekki þótt aðfinnsluvert telur dómurinn að málefnalegt hafi verið að líta til fyrirliggjandi upplýsinga um afskipti af börnum stefnanda við mat á hæfi hennar til að taka barn í föstur. Í því sambandi verður að áréttu að mat stefndu miðaði að því að varpa ljósi á hvort stefnandi væri í stakk búin til að axla ábyrgð á uppeldi fösturbarns og veita því stuðning og öryggi. Fallist er á það með stefndu að erfiðleikar við uppeldi barna gefi almenna vísbendingu um að viðkomandi muni geta reynst erfitt að ala upp fösturbarn. Þá er ljóst af þeim upplýsingum sem raktar eru í greinargerð starfsmanns barnaverndarnefndar að erfiðleikar við uppeldi yngstu barna stefnanda voru ekki að öllu leyti að baki þegar afstaða var tekin til umsóknar stefnanda, þó að þau væru þá 15 og 17 ára. Það gaf tilefni til að ætla að álag sem því fylgdi kæmi niður á getu stefnanda við að sjá um fösturbarn.

Stefnandi telur enn fremur að ómálefnalegt hafi verið að líta til aldurs stefnanda og byggja á því að hún væri ekki heil heilsu. Læknisvottorð hafi staðfest að hún hafi verið nægjanlega hraust til að annast fösturbarn. Af þessu tilefni er áréttuð að samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 804/2004 er gerð krafa um að fösturforeldrar séu við góða almenna heilsu og ber meðal annars að gera grein fyrir heilsufari umsækjanda um fösturleyfi í greinargerð samkvæmt 1. mgr. 8. gr. sömu reglugerðar. Augljóst er að heilsufarsvandamál geta komið niður á getu fösturforeldra til að annast fösturbörn og hlýtur það að skipta meira máli ef fösturforeldrið er eitt um það hlutverk. Það er því málefnalegt við mat á hæfi umsækjanda um fösturleyfi að líta til upplýsinga um heilsufarsvandamál viðkomandi. Þá verður að ætla að aldur hafi almennt þýðingu fyrir getu umsækjanda til að axla ábyrgð á uppeldi ungra fösturbarna. Það atriði skiptir þó meira máli þegar sótt er um varanlegt föstur, en eins og áður er vikið að hafði stefnandi í hyggju að sækja um tímabundið föstur fyrir sonarson sinn eins og getið var um í umsókn hennar. Stefnandi var 49 ára þegar ákvörðunin var tekin. Að þessu gefnu er vandséð að aldur stefnanda hafi út af fyrir sig getað haft mikla þýðingu fyrir getu hennar til að taka barn í föstur. Ekki verður þó talið að mat stefndu hvað þetta varðar hafi beinlínis verið reist á ómálefnalegu sjónarmiði enda hafi verið útilokað á þessu stigi að slá neinu föstu um hvort einungis væri þörf á tímabundnu föstri fyrir drenginn.

Að þessu gættu liggur ekki fyrir að ákvörðun stefndu hafi byggst á ómálefnalegum sjónarmiðum. Stefnandi telur einnig að á það hafi skort að litið hafi verið til sjónarmiða við úrlausn málsins sem skylt hafi verið að byggja mat á hæfi hennar á. Þar er meðal annars vísað til menntunar hennar og reynslu af umönnunarstörfum sem og húsnæðis-, fjárhags- og atvinnustöðu hennar. Af þessu tilefni er rétt að taka fram að vikið var að þessum atriðum í greinargerð starfsmanns barnaverndarnefndar þar sem meðal annars var talið að menntun stefnanda væri kostur. Upplýsingar um þessi atriði lágu því fyrir stefndu þegar ákvörðun var tekin. Þó að ekki hafi verið vikið að þeim í rökstuðningi stefndu, þar sem gera þurfti grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru fyrir niðurstöðu stefndu, sbr. 22. gr. stjórnsýslulaga, liggur ekki fyrir að litið hafi verið fram hjá þeim við heildarmat á hæfi umsækjanda til að fósra barn.

Stefnandi byggir jafnframt á því að ekki hafi verið tekið tillit til þess við ákvörðun stefndu að sótt hafi verið um fósturleyfi í þeim tilgangi að stefnandi gæti fóstorað sonarson sinn. Myndast hafi mikil geðtengsl á milli þeirra á þeim tíma sem drengurinn hefði verið hjá stefnanda. Ekkert hafi verið litið til þessa atriðis við úrlausn málsins með tilliti til hagsmuna drengsins. Þá sé gert ráð fyrir því í 18. gr. reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur að stefnt skuli að því að koma barni í fóstur hjá ættingjum þess þjóni það hagsmunum barnsins.

Á þeim tíma sem ákvörðun stefndu var tekin sagði í 2. mgr. 67. gr. barnaverndarlaga að ef barnaverndarnefnd telur það falla best að hagsmunum barns að ráðstafa því í fóstur til ættingja fari um það samkvæmt 66. gr. laganna. Í þeirri grein er eins og fram hefur komið fjallað um leyfi til að taka barn í fóstur. Með ákvæðinu var því áréttað að í tilvikum þar sem barnaverndarnefnd telur hagsmunum barns best borgið með því að ættingjar taki það í fóstur þurfi viðkomandi eftir sem áður að leita leyfis stefndu og þyrftu að fullnægja hæfiskröfum samkvæmt 66. gr. laganna. Í 18. gr. fyrrgreindrar reglugerðar kemur fram að ef nákominn ættingi, sem fengið hefur leyfi stefndu, óski eftir að taka barn í fóstur, beri barnaverndarnefnd að meta hvort það þjóni hagsmunum barnsins best að ráðstafa því í fóstur til viðkomandi. Ekki verður dregin sú ályktun af þessum fyrirmælum að æskilegast sé að fósturbörnum verði komið í fóstur hjá ættingjum.

Umsókn stefnanda um fósturleyfi var ljóslega tengd áformum hennar um að taka sonarson sinn tímabundið í fóstur. Upplýsingar lágu fyrir hjá stefndu um að drengurinn hefði verið vistaður hjá ömmu sinni frá því í desember 2009. Með því að hafna umsókn hennar í ágústlok 2010 var ljóst að rof yrðu á tengslamyndun barnsins við föðurömmu sína. Það er lögbundin meginregla í barnaverndarstarfi að stuðla skuli að stöðugleika í uppvexti barna og beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu, sbr. 1. og 3. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga. Af þessu leiðir að við töku ákvörðunarinnar var rétt að líta til hagsmuna barnsins af áframhaldandi tengslum við stefnanda. Þau gögn sem liggja fyrir í málinu gefa ekki skýrt til kynna að þetta atriði hafi komið til álita við matið eins og þörf var á.

Hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að þau sjónarmið, sem ákvörðun stefndu var reist á, hafi verið málefnaleg. Upplýsingar lágu fyrir sem gáfu stefndu tilefni til að ætla að stefnandi ætti sem einstætt foreldri fullt í fangi með að annast uppeldi tveggja yngstu barna sinna. Þá virtist hún sjálf gefa til kynna að aldur hennar og heilsa hamlaði því að hún gæti tekið sonarson sinn í varanlegt fóstur, en læknavottorð staðfestu að hún hefði fengið kransæðasjúkdóm. Á þessu stigi var útilokað að slá neinu föstu um hvort drengurinn færi á ný til móður sinnar, eins og stefnandi batt vonir við þegar hún sótti um fósturleyfi til að taka sonarson sinn tímabundið í fóstur. Játa verður stefndu almennt svigrúm til að meta þýðingu mismunandi sjónarmiða sem til álita koma við mat á hæfi umsækjenda til að taka börn í fóstur. Ekki verður fullyrt að þau málefnalegu sjónarmið sem ákvörðun stefndu byggdist á hafi ekki getað réttlætt niðurstöðuna. Af þessum sökum verður ekki fallist á að skilyrðum sé fullnægt til fella hina umdeildu ákvörðun úr gildi í ljósi þess að ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til sjónarmiða er tengdust hagsmunum drengsins af því að stöðugleiki ríkti í tengslamyndun hans við nákomna.

Í stefnu er víða vikið að því að mat stefndu á ýmsum atriðum hafi ekki verið forsvaranlegt. Af þessu tilefni tekur dómurinn fram að ekki kemur til álita að ógilda stjórnvaldsákvörðun af því tagi sem hér um ræðir nema að lagalegir annmarkar séu á ákvörðuninni. Það varð niðurstaða stefndu eftir athugun, sem reist var á málefnalegum sjónarmiðum, að stefnandi fullnægði ekki kröfum sem gera þyrfti til fösturforeldra. Dómurinn fær ekki séð að lagalegir annmarkar hafi verið á þessu mati stefndu sem leitt geta til þess að fallast beri á dómkröfur stefnanda. Því verður stefnda sýknuð af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila beri kostnaðinn af rekstri málsins, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefnda, Barnaverndarstofa, er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málkostnaður milli aðila fellur niður.

Ásmundur Helgason